

**Nd.**

**384. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámsjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Fyrri málsgr. 4. gr. laganna falli burt.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lán til þess að reisa nýbýli á óræktuðu landi eða landi, sem að nokkru leyti hefir verið ræktað af lántakanda sjálfum síðustu fimm árin, skulu ávaxtast og endurgreiðast með jöfnum greiðslum þannig, að árlegt gjald af allri lánsfjárhæðinni sé  $3\frac{1}{2}\%$  í 50 ár.

Lán þessi skulu standa án afborgunar og vaxta fyrstu fimm árin.

3. gr.

a. Í stað orðanna í 1. málsgr. 9. gr. laganna: » $4\%$  landverðs að viðbættum  $2\%$  húsaveiðs» komi:  $5\%$  landverðs að viðbættum  $3\%$  húsaveiðs.

b. Aftan við sömu grein bætist ný málsgr.:

Ef lán er endurgreitt fyrir umsaminn tíma, er lánþega að jafnaði skylt að endurgreiða til sjóðsins þann vaxtamun, sem verið hefði á láninu, ef það hefði verið tekið í veðdeild bankans.

4. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána til fjögurra fyrirmyndarbúa, eins í hverjum fjórðungi, með sömu lánskjörum sem til nýbýla, gegn afgangskvöð, að því tilskildu, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með stofnun þeirra og hafi sjálf yfirumsjón með rekstri þeirra.

5. gr.

Fyrri málsg. 18. gr. laganna falli burt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Fyrir þetta er flutt að tilhlutun stjórnar Búnaðarbankans og í samráði við landsstjórnina. Er það að mestu lagfæringar á nokkrum agnúum, sem orðið hefir vart við lög þessi, eftir að farið var að starfrækja þau.

Nánar í framsögu.